



Borgarráð

Loftslagsskógar Reykjavíkur

Lagt er til að tekið verði upp samstarf við Skógræktarfélag Reykjavíkur um gróðursetningu Loftslagsskóga Reykjavíkur. Markmið verkefnisins er að einstaklingar, fjölskyldur, fyrirtæki og stofnanir geti gróðursett tré í því skyni að koma til móts við útblástur gróðurhúsalofttegunda, svo kallað kolefnisfótspor viðkomandi. Á þetta til að mynda við um flugferðir en vaxandi áhugi er á að kolefnisjafna ferðalög, svo dæmi sé tekið. Reykjavíkurborg taki forystu, fyrst með kolefnisjöfnun allra ferða en síðar með kolefnisjöfnunar alls reksturs og starfsemi borgarinnar.

Greinargerð:

Rannsóknir sýna að kolefnisbinding og geymsla í vistkerfi skóga er mest á fyrstu áratugum skógræktar en þar vegur binding í jarðvegi þungt. Stefnt verði að því að bæði verði hægt að taka þátt í að gróðursetja Loftslagsskógana en einnig verði hægt að greiða Skógræktarfélaginu fyrir gróðursetningu í nafni viðkomandi. Gert verði ráð fyrir að Loftslagsskógar verði gróðursettir meðal annars á Geldinganesi og í Esjuhlíðum þar sem Aðalskipulag Reykjavíkur gerir ráð fyrir aukinni skjólmyndun hinna nýju skóga. Leitað verði samstarfs við Skógræktarfélag Kjalarness, Skógræktarfélag Íslands og samtökin Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs og eftir atvikum önnur samtök eða félög. Þá verði unnið sérstaklega með varðveislu landslagsheilda og vistgerða á viðkomandi svæðum og styrkingu líffræðilegs fjölbreytileika Umhverfis- og heilbrigðisráð hefur haft forystu um loftslagsmál innan Reykjavíkurborgar og samþykkt tillögu þar sem umhverfis- og skipulagssviði var falið að koma með tillögur að því hvernig best væri hægt að kolefnisjafna ferðir starfsfólks borgarinnar á vinnutíma jafnt innanlands sem utanlands sem lögð var fram í ráðinu 22. ágúst 2018. Þessi tillaga er liður í að fylgja samþykktinni eftir um mun umhverfis- og heilbrigðisráð fylgja undirbúningi Loftslagsskóga og samningum við Skógræktarfélag Reykjavíkur eftir, m.a. með vísan til niðurstöðu stýrihóps um skógræktarmál, dags. 13. febrúar 2018. Nánari tíma- og kostnaðaráætlun verði unnin í samvinnu umhverfi og skipulagssviðs og Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Dagur B. Eggertsson

